

Nd. 435. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum nr. 85 31. des. 1968, um eiturefni og hættuleg efni.

(Eftir 2. umr. í Nd. 26. marz.)

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Eiturefni (sterkt eitur; eitur) eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum I og II yfir eiturefni svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu á eitrunum í mönnum og dýrum samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnaneftndar (sbr. 2. gr.) og landlæknis.

Hættuleg efni eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum III, IV A, IV B og V yfir hættuleg efni, svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnaneftndar (sbr. 2. gr.) og landlæknis.

2. gr.

2. grein 2. málsg. laganna orðist svo:

Eiturefnaneftnd gerir tillögur um röðun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. Nefndin gerir einnig tillögur um gerð nýrra lista, ef þörf gerist. Ráðherra staðfestir listana með reglugerð. Nefndin skal gera lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. 14. gr. Eiturefnaneftnd má kveðja til ráðuneytis um framkvæmd annarra laga, ef þörf gerist (sbr. einnig 15. gr. 1. málsg.).

3. gr.

2. grein 3. málsg. laganna orðist svo:

Þegar nefndin fjallar um eiturefni og hættuleg efni, sem notuð eru í garðyrkju, landbúnaði eða við grasrækt, tekur sæti í nefndinni maður, sem landbúnaðarráðuneytið tilnefnir, og er hann sérfróður um slík málefni.

4. gr.

Viðaukar I og II við löginn falli niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.